

REGLUGERÐ

fyrir Vatnsveitu Reykjahlíðar í Skútustaðahreppi.

1. gr.

Vatnsveita Reykjahlíðar er sjálfstætt fyrirtæki sem Skútustaðahreppur er eigandi að og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnsþörf heimila og fyrirtækja á veitusvæði sínu.

2. gr.

Skútustaðahreppur hefur einkaleyfi til að reka vatnsveitu og sölu neysluvatns á veitusvæði Vatnsveitu Reykjahlíðar.

3. gr.

Hreppsnefnd Skútustaðahrepps hefur á hendi yfirstjórn vatnsveitunnar og sér um fjárreiður hennar, bókhald, framkvæmdir og rekstur.

4. gr.

Vatnsveitunefnd skal kosin af hreppsnefnd til fjögurra ára í senn. Nefndina skipa 3 aðalmenn og jafnmargir til vara. Skulu a. m. k. tveir nefndarmanna vera búsettir á veitusvæðinu.

Nefndin er ráðgjafarnefnd hreppsnefndar varðandi málefni vatnsveitunnar.

Heimilt er hreppsnefnd að skipa sameiginlega nefnd fyrir Vatns- og Hitaveitu Reykjahlíðar og skal hún þá skipuð 5 aðalmönnum og jafnmörgum til vara. Skulu þá a. m. k. fjórir nefndarmanna vera búsettir á veitusvæðum veitnanna.

5. gr.

Enginn má án leyfis leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæðum veitunnar. Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu heimæðar í hús sitt frá aðalæð og annast viðhald hennar.

Skylt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim eða útbúnaði er ábótavant.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveitukerfið án leyfis. Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum veitunnar.

6. gr.

Skylt er þeim, sem nota vill vatn frá vatnsveitunni, að fara eftir fyrirmælum ráðamanna veitunnar um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna og annað það sem lýtur að vatnslögnum í og við hús þeirra.

Heimilt er umsjónarmanni vatnsveitunnar að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til að athuga vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu veitunnar, sem hann telur nauðsynlegar. Loka má fyrir vatn meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymum eða æðum veitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrirfram ef þess er kostur.

7. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum hjá þeim sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt eða stofngjald á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma sem vatnsæðar eru lokaðar af áðurnefndum ástæðum.

8. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendir land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar.

9. gr.

Hver sá sem veldur skaða eða skemmdum á vatni eða veitukerfi, greiði fullar bætur auk sekta, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

10. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu sem sérnefndar eru til fasteignamats og vatni er veitt í skal greiða vatnsskatt sem nemur 0,4% af fasteignamatsverði árlega.

11. gr.

Við aðra þá er ekki falla innan ákvæða 10. gr. skal gera sérstakan samning um vatnsafnot og gjöld svo og gjalddaga. Að öðru leyti gilda hin ýmsu ákvæði reglugerðarinnar gagnvart slíkum notendum.

12. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar bæði í heild og einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn.

13. gr.

Hver sá aðili, sem leyfi fær til að leggja heimæð frá aðalveitu greiði kr. 6.000 í stofngjald af íbúðarhúsnæði miðað við 3/4 lögn. Tengigjald af atvinnuhúsnæði verði í samræmi við flutningsgetu heimæðar. Miða skal gjald þetta við breytingar á byggingarvísitölu hverju sinni.

14. gr.

Hreppsnefnd getur krafist þess, að tillögu vatnsveitunefndar, að fyrirtæki og aðrir vatnsnotendur greiði vatnsskatt eftir mæli. Skal þá vatnsveitan leggja til mæli og sjá um uppsetningu og rekstur hans. Vatnsnotandi greiði uppsetningarkostnað, mælaleigu svo og vatnsskattinn sjálfan samkvæmt gjaldskrá.

15. gr.

Vatnsskattur innheimtist með fasteignagjöldum og fylgi gjalddögum þeirra eftir ákvörðun hreppsnefndar hverju sinni.

Greiðist skatturinn ekki á gjalddaga falla á hann dráttarvextir. Vatnsskattinn má einnig taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði eða aðfararveði.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum.

Reglugerð þessi sem er samin og samþykkt af hreppsnefnd Skútustaðahrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð fyrir Vatnsveitu Reykjahlíðarhverfis í Skútustaða-hreppi nr. 118 frá 5. maí 1969 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið 10. febrúar 1984.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.